

## Minnisblað – 1904034

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Sorpsöfnun, breytingar framundan.*

Dags.: 18.11.2020

---

Um áramótin tekur nýr þjónusutaðili, Íslenska gámafélagið ehf., við söfnun sorps í Dalabyggð og um leið lýkur löngu og farsælu samstarfi við Terra.

Fyrstu merki um breytinguna mun verða vart í dreifbýli þar sem gámum mun fækka á næstunni, þar sem þeir hafa verið tveir verður einn eftir.

Lokataæming gámana verður um áramótin og eftir það verða þeir fjarlægðir. Nánari upplýsingar um endanlegar tímasetningar munu liggja fyrir fljótlega. Í desember verður ílátum komið til heimila í dreifbýli fyrir almennt sorp sem er stefnt á að tæma á fjögurra vikna fresti fram að vori. Stærð og/eða fjöldi íláta verður í samræmi við það. Hirðing á tunnum í Búðardal verður með sama hætti og áður til vors.

Fyrstu þrjá mánuði næsta árs verður flokkuðu sorpi ekki sérsafnað en í apríl er stefnt að því að búið sé að koma fyrir þremur tunnum við öll heimili.

Upplýsingabæklingur er í vinnslu og stefnt að því að hann fari út í byrjun desember ásamt upplýsingum um tímasetningar á skiptunum og hvenær dreifing nýrra sorphirðuíláta fer fram. Þá mun einnig liggja fyrir sorphirðudagatal fyrir árið 2021. Upplýsingar á heimasíðu Dalabyggðar verða uppfærðar í samræmi við nýtt fyrirkomulag samhliða þessari vinnu á næstu vikum.